

Nr. 55.

22.  
nóvbr.

## Lög

um

takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi,  
um eignarnám á fossum o. fl.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með  
samþykki Voru:

## 1. kafli.

Um eignar- og umráðarjett á fossum.

## 1. gr.

Engir aðrir en þeir menn, sem heimilisfastir eru á Íslandi, eða fjelög, er hafa þar heimilisfang, enda sje meiri hluti fjelagsstjórnar skipaður mönnum, sem þar eru heimilisfastir, mega hjeðan af, án sjerstaks leyfis, ná að eignast fossa á Íslandi, hvorki eina nje með löndum þeim, sem þeir eru í, eða notkunarrjett á fossum, hvort sem er fyrir frjálsa afhending, eða nauðungarráðstöfun að manni lifanda, eða með hjónabandi, eða að erfðum. Talinn er notkunarrjettur í lögum þessum hvers konar rjettur til að nota fossa.

Konungur veitir leyfið, þar sem þess er þörf, hjeðan af, eða sá, er hann fær umboð til þess; leyfið skal veita um ákveðinn tíma og skilyrði skal setja um notkun vatnsaflsins.

## 2. gr.

Leyfi til að eignast fossa eða notkunarrjett á fossum, samkvæmt 1. gr., skal bundið þeim skilyrðum, er hjer segir:

- a. að leyfið gildi að eins um tiltekið tímabil, í lengsta lagi 100 ár. Að þeim tíma liðnum skal fossinn og aflstöðin verða eign landssjóðs án endurgjalds.
- b. að landssjóður eigi rjett á að kaupa fossinn og aflstöðina, ásamt landi því og rjettindum, er henni fylgir, eftir 50 ár frá því, er leyfið var veitt, þó svo, að sagt sje til kaupanna með 5 ára fyrirvara. Kaupverð skal miða við, hvað leyfishafi hefur borgað fyrir fossinn og hvers virði aflstöðin er.
- c. að leyfishafi sje skyldur, ef landsstjórnin krefst þess, að láta af hendi allt að 10 % af starfsaflinu, 5 % við landið og 5 % við sveitina, hvorttveggja fyrir endurgjald, er sje miðað við framleiðslukostnað, að viðbættum 10 % ágóða.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

om

Nr. 55.

22.

Novbr.

Indskrænkning i Adgangen til at eje og besidde Vandfald i  
Island, om Ekspropriation af Vandfald m. v.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

## Iste Afsnit.

Om Adgangen til at eje og besidde Vandfald.

### § 1.

Kun Personer, der ere bosatte i Island eller Interessentskaber, hvis Hjemsted er sammesteds, og hvis Bestyrelses Flertal er bosat sammesteds, kunne fremtidig uden særlig Tilladelse erhverve Vandfald i Island, enten særskilt eller i Forbindelse med vedkommende Jord, eller Brugsret til saadanne Vandfald, være sig ved Overdragelse i levende Live, frivillig eller tvungen, ved Ægteskab eller ved Arv. Under Brugsret henregnes i nærværende Lov enhver Ret til Benyttelse af Vandfaldet i hvilken som helst Retning.

Hvor herefter særlig Tilladelse er fornøden, meddeles denne af Kongen eller den, hvem han dertil bemyndiger; Tilladelsen meddeles for et bestemt Tidsrum og betinges af Vilkaar med Hensyn til Vandkraftens Udnyttelse.

### § 2.

Tilladelse til at erhverve Vandfald eller Brugsret over samme i Henhold til § 1 betinges af:

- a. At Tilladelsen kun gælder for et bestemt Tidsrum, der ikke maa overskride 100 Aar. Efter den Tid tilfalder Vandfaldet og Kraftstationen Landskassen uden Erstatning.
- b. At Landskassen 50 Aar efter at Tilladelsen er bleven meddelt med 5 Aars Varsel har Ret til at købe Vandfaldet og Kraftstationen med tilhørende Jord og Rettigheder. Købesummen skal rette sig efter den af Tilladelsens Indehaver for Vandfaldet erlagte Sum samt Anlæggets Værdi.
- c. At Tilladelsens Indehaver er forpligtet til, saafremt Regeringen gør Krav derpaa at afgive 10 pCt. af Drivkraften — 5 pCt. til Landet og 5 pCt. til Kommunen — mod en Erstatning, der retter sig efter Produktionsomkostningerne med Tillæg af 10 pCt.

Nr. 55. Lov af 22. November om Indskrænkning i Adgangen til at eje og besidde Vandfald i Island, om Ekspropriation af Vandfald m. v.

- Nr. 55. d. að byrjað sje að hagnýta fossinn innan ákveðins tíma, og að fyrirgjört sje rjetti  
 22. þeim, er leyfið veitir, ef starfinu er hætt eða það minnkað úr því, er leyfisbrjef til-  
 nóvbr. tekur minnst.

### 3. gr.

Eigi verður krafizt fullnaðargjörðar á neinni ráðstöfun til afhendingar, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, og andvirði það, er kaupandi hefur af hendi greitt, getur hann þegar fengið endurgoldið.

### 4. gr.

Ef krafizt er innritunar fyrir fram í afsals- og veðmálabækur eða þinglýsingar á skjali um afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað fyrir valdsmanni, að leyfið sje þegar fengið, þá skal hann skrá athugasemd um þetta og því næst tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

### 5. gr.

Þegar þinglesið hefur verið skjal eins og það, er getur í 4. gr., eða þegar kaupandi að eignar- eða notkunarrjetti á fossi, er fullnægir eigi skilyrðum laga þessara, er orðinn umráðandi fossins eða afnotahafandi, þá skal stjórnarráðið þegar, er það er orðið þessa vitanda, setja kaupanda frest til þess að koma málinu í löglegt horf með því að fá það, er vantar, eða ef það fæst eigi, með því að fá riptað kaupunum (3. gr.), eða þá, ef seljandi færist undan að láta kaupin ganga aptur, með því að afhenda fossinn eða notkunarrjettinn þeim manni öðrum, er fullnægi skilyrðunum fyrir að mega öðlast hann. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvæði sínu um þetta lætur stjórnarráðið þinglýsa svo fljótt, sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar og skrá í dálk hennar í veðmálabókinni. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

### 6. gr.

Nú hefur kaupandi eigi áður en fresturinn er útrunninn fengið stjórnarráðinu fullnægjandi skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, og lætur þá stjórnarráðið selja fossinn eða notkunarrjettinn við nauðungaruppboð á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í fossinum. Um uppboðið fer eptir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, eptir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og ef hann er eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og ef enginn er þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið kominn löglega að eign eða afnotum.

- d. At Vandfaldet inden en bestemt Tid tages i Brug og at den ved Tilladelsen Nr. 55. erhvervede Ret bortfalder, saafremt Driften ophører eller indskrænkes under det <sup>22.</sup> i Tilladelsen fastsatte Minimum. <sup>Novbr.</sup>

### § 3.

Ingen Retshandel, der tilsigter en Overdragelse, hvortil der efter § 1 udfordres særlig Tilladelse, kan kræves fuldbyrdet, saa længe saadan Tilladelse ikke foreligger. Nægtes Tilladelsen, er Retshandelen ugyldig, og det af Erhververen erlagte Vederlag kan straks kræves tilbagebetalt.

### § 4.

Forlanges noget Dokument vedrørende en Overdragelse, hvortil Tilladelse efter § 1 udfordres, foreløbig noteret i Skøde- og Pantebøgerne eller tinglæst, uden at det samtidig for vedkommende Myndighed godtgøres, at saadan Tilladelse foreligger, skal Retsanmærkning gives herom, hvorhos der uopholdelig gøres Indberetning om Sagen til Ministeriet.

### § 5.

Naar en Tinglæsning som den i § 4 omhandlede har fundet Sted, eller en Køber eller Brugserhverver, der ikke opfylder de i denne Lov foreskrevne Betingelser, er indsat i Besiddelsen eller Brugsudøvelsen af vedkommende Vandfald, forelægger Ministeriet, saa snart det er kommet til Kundskab herom, Erhververen en Frist, inden hvilken han skal bringe Forholdet i lovlig Orden ved at erhverve den manglende Tilladelse, eller, hvis denne nægtes, ved at faa Retshandelen ophævet (§ 3) eller, hvis Overdrageren vægrer sig ved godvillig at gaa ind paa Kontraktens Ophævelse, ved Vandfaldets eller Brugsrettens Overdragelse til en tredie, der opfylder Betingelserne for dens lovlige Erhvervelse. Denne Frist maa ikke være kortere end 6 Maaneder og ikke længere end 3 Aar.

Den herom trufne Bestemmelse foranstalter Ministeriet snarest muligt tinglæst ved Ejendommens Værneting og noteret paa dens Folium. Den fastsatte Frist begynder først at løbe fra Tinglæsningsdagen.

### § 6.

Har Erhververen ikke forinden Fristens Udløb forelagt Ministeriet fyldestgørende Beviser for, at Forholdet er bragt i lovlig Orden, foranstalter Ministeriet Vandfaldet eller Brugsretten bortsolgt ved Tvangsauktion for Erhververens Regning, med bindende Virkning for ham, hans Hjemmelsmand og alle, som have Rettigheder i Vandfaldet. Med Auktionen forholdes efter Reglerne i Anordning angaaende umyndiges Midler af 18. Februar 1847 § 10, for saa vidt de efter Forholdets Beskaffenhed ere anvendelige. Den hertil hørende Forkyndelse for Debitor af Bekendtgørelsen om Auktionen skal i det her ommeldte Tilfælde ske for Erhververen og kan, hvis denne ikke forefindes paa vedkommende Ejendom, med fuld Retsvirkning foretages for hvem, der ellers antræffes paa Ejendommen, eller hvis ingen træffes sammesteds, for nærmeste Naboer.

Erhververen erholder udbetalt den Del af Auktionskøbesummen, som vilde have tilfaldet ham, hvis han havde været lovlig Ejer eller Brugshaver.

Nr. 55. Lov af 22. November om Indskrænkning i Adgangen til at eje og besidde Vandfald i Island, om Ekspropriation af Vandfald m. v.

Nr. 55.  
22.  
nóvbr.

## 7. gr.

Nú er kona eigandi foss eða afnota hans og giptist manni, er fullnægir ekki skilyrðum laga þessara fyrir því, að mega öðlast þess konar eignar- eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gjörður eign fjelagsbúsins fyrr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er þá stund sjereign konunnar.

## 8. gr.

Nú erfir maður eignar- eða notkunarrjett á fossi, sá er getur eigi orðið löglegur eigandi að honum, nema með sjerstöku leyfi, þá skal skiptaráðandi þegar gjöra stjórnarráðinu við vart, og fer síðan um þetta mál eins og segir í 5. og 6. gr. með afbríðum eptir atvikum.

## 9. gr.

Hið sama er, ef sá maður verður heimilisfastur annarsstaðar en á Íslandi, er öðlast hefur eignar- eða notkunarrjett á fossi, eptir það er lög þessi öðlast gildi, svo og ef fjelag, er eptir þann tíma hefur öðlast eignar- eða notkunarrjett á fossi, hættir að hafa heimilisfang á Íslandi, eða ef meiri hluti fjelagssjórnar er þar eigi lengur heimilisfastur.

## 10. gr.

Hver sá maður heimilisfastur erlendis, er foss á á Íslandi eða notkunarrjett á fossi, er skyldur að hafa sjer umboðsmann heimilisfastan í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem fossinn er, til þess að andsvara af sinni hendi málum öllum og hvers konar ráðstöfunum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem sjálfur hefði hann það gjört.

Undirdómaranum í þeirri þinghá, þar sem fossinn er, skal skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og skal þinglesa það á varnarþingi jarðeignar þeirrar, sem fossinn er í, og skrá í dálk hennar. Ef eigi hefur verið skýrt frá þessu og það þinglesið, getur dómariinn eptir beiðni einhvers, er að máli stendur, skipað hinum umboðsmann, er hann sje bundinn við, og á kostnað hans látið þinglesa og skrá það umboð.

## 11. gr.

Ákvæðunum hjer á undan verður eigi beitt þar sem það kæmi í bága við samninga við aðrar þjóðir.

## 2. kafli.

## Um eignarnám á fossum o. fl.

## 12 gr.

Hver maður er skyldur til, gegn fullum skaðabótum, að láta af hendi fossa sína, ár eða læk, og jarðir þær, er þar að liggja, eða rjettindi, sem hann hefir yfir þeim, þegar almennings heill krefst þess til mannvirkja í þarfir landsins eða sveitarfjelaga.

Nr. 55. Lög 22. nóvember um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.

## § 7.

Nr. 55.  
22.  
Novbr.

Indgaar en Kvinde, som er Ejer eller Bruger af Vandfald, Ægteskab med en Mand, som ikke opfylder de i denne Lov foreskrevne Betingelser for Indtrædelse i saadan Ejendoms- eller Brugsret, kan dette ikke erhverves for Fællesboet, førend de nævnte Betingelser foreligge ogsaa for Mandens Vedkommende. Indtil da forbliver det Hustruens Særeje.

## § 8.

Arver nogen, der kun ved særlig Tilladelse kan blive lovlig Ejer eller Brugs-haver af Vandfald, et saadant eller Brugsret derover, hvorom vedkommende Skifteforvalter har straks at gøre Indberetning til Ministeriet, forholdes der, med de Modifikationer, som Forholdets Beskaffenhed medfører, paa samme Maade som i §§ 5 og 6 fastsat.

## § 9.

Det samme gælder, hvis nogen, der efter nærværende Lovs Ikrafttræden har erhvervet Vandfald eller Brugsret over saadant, tager Bopæl udenfor Island, eller hvis et Interessentskab, der efter denne Lovs Ikrafttræden er blevet Ejer eller Bruger af Vandfald, opgiver sit Hjemsted i Island, eller Bestyrelsens Flertal ikke længere er bosat samme Steds.

## § 10.

Enhver udenfor Island bosat Ejer eller Brugshaver af Vandfald i Island er pligtig at have en i den Købstad eller Rep, hvori Vandfaldet er beliggende, bosat Fuldmægtig, overfor hvem alle Vandfaldet vedrørende retslige Skridt og Foranstaltninger af enhver Art kunne foretages med samme Retsvirkning, som om de vare foretagne overfor ham selv.

Fuldmægtigens Navn og Bopæl skal anmeldes for Underdommeren i den Jurisdiktion, hvor Vandfaldet er beliggende, og Anmeldelsen tinglæses ved vedkommende Jords Værneting og noteres paa dens Folium. Er saadan Anmeldelse og Tinglæsning ikke sket, kan Underdommeren, naar det af nogen deri interesseret begæres, beskikke en Fuldmægtig med bindende Virkning for Ejeren eller Brugshaveren og paa dennes Bekostning foranstalte Beskikkelsen tinglæst og noteret.

## § 11.

Foranstaaende Bestemmelser blive uden Anvendelse paa Tilfælde, i hvilke de maatte være uforenelige med Traktater med andre Stater.

## 2det Afsnit.

## Om Ekspropriation af Vandfald m. v.

## § 12.

Enhver er pligtig til imod fuld Erstatning at afstaa ham tilhørende Vandfald, Elv eller Vandløb og dertil stødende Jorder eller Rettigheder over samme, naar Almenvellet kræver Afstaaelsen til offentlige eller kommunale Anlæg.

Nr. 55. Lov af 22. November om Indskrænkning i Adgangen til at eje og besidde Vandfald i Island, om Ekspropriation af Vandfald m. v.

Nr. 55.

22.  
nóvbr.

13. gr.

Stjórnarráð Íslands ákveður í hvert skipti, hversu mikið skuli af hendi látið samkvæmt 12. gr., það er og á þess valdi að ákveða, að á eignir þær, er getur í 12. gr., skuli gegn endurgjaldi lagðar kvaðir.

14. gr.

Ef samningum verður ekki við komið, skulu 3 óvilhallir dómkvaddir menn meta kaupverð fossa og endurgjald fyrir starfsafl, sem um er rætt í 2. gr., svo og skaðabætur þær, er getur í 12. og 13. gr., og má skjóta gjörð þeirra til 5 manna matsnefndar, er hinn íslenski landsyfirrjettur kveður í hvert skipti.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

---

***H. Hafstein.***

## § 13.

Nr. 55.  
22.  
Novbr.

I hvilket Omfang Afstaaelse i Overensstemmelse med § 12 skal finde Sted, bestemmes i hvert enkelt Tilfælde af Islands Ministerium, der ligeledes kan bestemme, at der mod Erstatning paalægges de i § 12 nævnte Ejendomme servitutmæssige Byrder.

## § 14.

I Mangel af Overenskomst bliver den i § 2 omhandlede Købesum for Vandfald og Drivkraft samt Erstatningen i de i §§ 12 og 13 nævnte Tilfælde at fastsætte ved Taksation af 3 uvillige inden Retten udmeldte Mænd, hvis Afgørelse kan indankes for en af den islandske Landsoverret for hvert enkelt Tilfælde udmeldt Taksationskommission paa 5 Medlemmer.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*